


Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Flateyri 18. september 2017

Efni: Uppsögn samstarfssamnings um rekstur Félags- og menningarmiðstöðvar á Flateyri

Stjórn félags eldri borgara í Önundarfirði segir hér með upp samstarfssamningi um rekstur Félags- og menningarmiðstöðvar á Flateyri í neðri hæð hússins Hafnarstræti 11, á Flateyri, í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins í maí 2017. Neðri hæð hússins er eign félags eldri borgara í Önundarfirði (FEÖ) en rekstrarsamningurinn snýst um sameiginlegan rekstur starfseminnar í eignarhlutanum.

FEÖ telur forsendur samstarfssamningsins verulega breyttar og að ekki séu forsendur fyrir að halda samstarfi áfram á þeim grundvelli sem samningurinn kveður á um.


Ísafjarðarbær óskaði eftir því við FEÖ (eiganda neðri hæðar) að gerður yrði leigusamningur um afnot félagsstarfs aldraðra á Flateyri, þannig myndi Ísafjarðarbær tryggja áframhaldandi þjónustu við eldri borgara í Önundarfirði.


Engin uppsagnarákvæði eru í samningnum. Í sjöttu grein er kveðið á um að samningurinn skuli koma til endurskoðunar á hverjum ársfundi og samstarfsaðilar geti óskað eftir breytingum, annars skuli hann lagður fram óbreyttur.


FEÖ lýsir yfir einlægum vilja til þess að gera samning við hverja þá einstaklinga, félagsamtök, opinbera aðila og aðra sem vilja veita þjónustu í húsinu eða nýta til félagsstarfs, enda falli það að annarri starfsemi í húsinu.

Á grundvelli þess áskilur FEÖ sér rétt til þess að segja samningnum upp frá og með 1. október 2017 með almennum lögbundnum þriggja mánaða uppsagnarákvæðum.

Virðingarfyllst,
f.h. félags eldri borgara í Önundarfirði


Guðmundur B. Hagalínsson, formaður


Jón Friðgeir Jónsson, ritari


Guðmunda Guðrún Björgvinsdóttir, féhirðir

Samrit sent eftirfarandi aðilum:
Önundarfjarðardeild Rauða krossins, Minjasjóði Önundarfjarðar